



116. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 3. mars, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi.
3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
4. Bréf frá Hestamannafélaginu Neista.
5. Fundarboð um stofnun "Textílsseturs Íslands".
6. Fundargerðir samstarfsnefndar um sorpförgun á NV.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

- a. **Umsóknir vegna byggðakvóta 2005.** *Eftirfarandi sjö aðilar/fyrirtæki hafa sótt um úthlutun byggðakvóta sem komið hafa í hlut Blönduóssbæjar fiskveiðiárið 2004/2005:*

1. Arnar Kristinsson, f.h. Skipseyrar ehf. v/ mb/Kristins Friðriks SI-5.
2. Lárus Ægir Guðmundsson, f.h. Jökuls ehf. v/ Ólafs Magnússonar HU-54.
3. Hrólfur Ólafsson, f.h. Hjallaness v/ Óla Hall HU 14.
4. Sæmundur Gunnarsson, f.h. Norðurfars ehf., v/ Auðbjargar SK6.
5. Sæmundur Gunnarsson, f.h. Norðlendings ehf., v/ Katrínar HU8.
6. Jóhann Björnsson, v/ Kambanes HU10.
7. Jóhannes Þórðarson, v/ Jaka.

Þar sem bæjarráð telur vanta nánari upplýsingar á grundvelli úthlutunarreglna frá ofangreindum aðilum er bæjarstjóra falið að skrifa þeim bréf og gefa þeim kost á að svara nánar hvernig þeir hyggjast ráðstafa úthlutuðum afla.

b. Málefni Brautarhvamms.

Vegna viðræðna við eigendur Glaðheima ehf. á fundi bæjarráðs 15. febrúar sl. er formanni bæjarráðs falið að ræða nánar við þá um málefni Brautarhvamms.

2. Bréf frá Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi.

Afmælisnefnd HSB óskar eftir að sveitarfélagið tilnefni fulltrúa á fund nefndarinnar 14. mars nk. kl. 16 í tilefni 50 ára afmæli stofnunarinnar.

Bæjarráð tilnefnir bæjarstjóra sem fulltrúa sveitarfélagsins á fund afmælisnefndar.

3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Boðað er til 19. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 18. mars nk. í Reykjavík.

Kjörnum landsþingsfulltrúa sveitarfélagsins, Valgarði Hilmarssyni falið að sækja fundinn.



4. Bréf frá Hestamannafélaginu Neista.

Í bréfinu er greint frá barna- og unglingastarfi hestamannafélagsins og þess farið á leit að bæjarstjórn styrki starfið ef kostur er.

Bæjarráð bendir á að núverandi samningur og styrkur við Hestamannafélagið kveður á um að félagið sinni barna- og unglingastarfi.

5. Fundarboð um stofnun “Textilsseturs Íslands”.

Boðað er til stofnfundar sjálfseignarstofnunarinnar mánudaginn, 7. mars nk.

Bæjarstjóri sækir fundinn ásamt þeim bæjarráðsmönnum sem sjá sér fært að mæta þennan dag.

6. Fundargerðir samstarfsnefndar um sorpförgun á NV.

Lagðar fram til kynningar fundargerðir samstarfsnefndarinnar frá 8. desember, 12. janúar og 28. febrúar sl.

7. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:25.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)